



Á

Þ

Ð



Starfsemi – starfsfólk

Starfsemi Byggðasafns Vestfjarða var með hefðbundnum hætti á árinu. Safnið opnaði formlega um mánaðamótin maí-júní, en hafði verið opið frá því um miðjan maí. Opnunartími var í júní og ágúst og september frá kl 10-17, en í júlí var opið frá kl 10-18. Safnið var opið fram til loka september, en aðsókn var heldur dræm eftir 10. september.

Þrír sumarstarfsmenn voru ráðnir til að sinna yfirsetu, Gunnar Jónsson, Valdimar Olgeirson og Eggert Orri Hermannson .

Í október var ráðinn starfsmaður til safnsins, Lísbet Harðardóttir til að sinna skráningu safnkosts í Sarp. Var hún ráðin með styrk frá Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða. Auk þess að starfa við skráningu hjá Byggðasafninu var hún í hlutastarfi við að koma húsakönnun Ísafjarðarbæjar á tölvutækt form.

Alls voru gestir safnsins um 7500 talsins, þ.e. þeir gestir sem komu í safnið í Neðstakaupstað, og þá eru ótaldir þeir sem komu á safnið á Hrafnseyri og í Vigur, en þar eru munir á vegum Byggðasafnsins. Að venju voru það gestir af erlendum skemmtiferðaskipum sem voru meginuppistaða gesta safnsins, eða um 45 % og þá eru



bara taldir þeir sem komu í skipulögðum rútuferðum í Neðstakaupstað. Auk þess má gera ráð fyrir a.m.k 5 % til viðbótar, og eru þeir þá orðnir helmingur af gestum safnsins. Það gefur því auga leið að koma skipanna til Ísafjarðar hefur gríðarlega mikið að segja fyrir starfsemi safnsins og afkomu þess. Alls voru það 24 skip sem

komu til Ísafjarðar í sumar og af þeim voru það 17 sem voru með skipulagðar rútuferðir í safnið. Dagsaðsóknarmet var slegið þann 29 júlí og komu þann dag 630 gestir í safnið.

Við endurskoðun reikninga safnsins undanfarin ár hefur lengi verið gerð árlega athugasemd um að skráning aðgangseyris sé ekki rekjanleg, til þess vanti sjóðvél. Í haust var bætt úr því og keypt var sjóðvél til að hafa í afgreiðslu safnsins.

Í Turnhúsinu var komið upp Dokkunni, smávegis afþreyingaraðstöðu fyrir börn, lítið horn þar sem þau geta teiknað litað, eða lesið. Þar voru sett upp gömul kennsluspjöld úr náttúrufræði, og myndar þetta horn eiginlega ofurlitla huggulega skólastofu, þar sem innanstokks eru gömul kennsluborð og stólar úr gamla barnaskólanum.

Afhending Harmonikusafns Ásgeirs S. Sigurðssonar



Ásgeir S. Sigurðsson tók þá ákvörðun á árinu að afhenda harmonikusafn sitt Byggðasafni Vestfjarða til eignar. Það er mikill happafengur fyrir safnið, enda stærsta og eina hljóðfærasafn landsins, það telur nú um 150 harmonikur, og leynast margir dýrgripir þar á meðal. Elsta harmonikan í safninu er frá því um

1830, og er sérstaklega gott eintak og í upphaflegum umbúðum. Unnið var við

undirbúning að móttökunni um vorið, harmonikum pakkað og fluttar í geymslu safnsins, og jafnframt var unnið að uppsetningu á hluta safnsins á miðhæðinni í Turnhúsinu. Smíðuð voru 12 borð með plexiglerhjálum. Það er ljóst að ekki mun vera hægt að sýna allt safnið í einu eins og húsakostur safnsins er í dag, en með því að hafa 12-15 skápa má skipta út reglulega harmonikum og uppfæra eftir því sem þurfa þykir.

Þann 29. maí var harmonikusafnið afhent formlega af þeim hjónum Ásgeiri og Messíönu Marzellíusardóttur, og var það gert við hátíðlega athöfn í Turnhúsinu. Þangað var boðið fjölda gesta og var vel mætt á athöfnina. Um leið var opnuð sýning á völdum harmonikum úr safni Ásgeirs. Safnið kemur til með að vera sérsafn innan Byggðasafnsins undir eigin nafni „**Harmonikusafn Ásgeirs S. Sigurðssonar.**“

Ásgeir var Byggðasafninu innan handar í sumar með að sýna harmonikurnar þegar skemmtiferðaskip voru í höfn, og var hann þá jafnframt að vinna við viðgerðir á harmonikum á verkstæði sínu sem sett var upp samhliða sýningunni.

Íslensku safnaverðlaunin

Að þessu sinni voru þrjú söfn tilnefnd til Íslensku safnaverðlaunanna sem eru veitt því safni sem þykir skara fram úr hverju sinni. Verðlaunin eru veitt af Félagi íslenskra



safna og safnmanna (FÍSOS) og Íslandsdeild ICOM, Alþjóðaráði safna (International council of museums), Tilnefnd voru Safnasafnið á Svalbarðsströnd, Minjasafnið á Akureyri, og Byggðasafn Vestfjarða. Safnasafnið afþakkaði tilnefninguna einhverra hluta vegna, og voru það því þau tvö

síðastnefndu sem kepptu um verðlaunin. Afhending verðlaunanna fór fram á Bessastöðum þann 13 júlí og var það Byggðasafn Vestfjarða sem hreppti þau. Rökstuðningur dómnefndar byggði á því að :

„Byggðasafn Vestfjarða leggur áherslu á að safna bátum og bátavélum og hefur valið þá leið við varðveislu báta að halda þeim sjófærum, sem er heldur óvenjulegur máti til að sýna safnkostinn. Safnið hefur umsjón með elsta slipp landsins og stuðlar þannig að því að varðveita verkþekkingu við bátasmíðar. Með þessu öðlast

bátarnir nýtt líf og sýnir það djörfung og metnað þeirra sem stýra safninu að velja þennan hátt við varðveislu báta.“

Það er ljóst að þessi viðurkenning munu verða safninu hvetning til frekari dáða á næstu árum á þessu sviði.

Í tilefni af afhendingu verðlaunanna ákvað Menningarnefnd Ísafjarðarbæjar að efna til kaffisamsætis fyrir íbúa og nærsveitarmenn í Neðstakaupstað þann 8 ágúst og ókeypis var inn á safnið þann daginn.

Heimasíða safnsins opnuð

Á árinu var unnið að því að koma heimasíðu safnsins á legg og í byrjaðan júlí var hún formlega opnuð. Það var Magnús Hávarðarson í Netheimum sem hafði veg og vanda af hönnun síðunnar í samráði við starfsmenn safnsins. Enn sem komið er er hún aðeins á íslensku en stefnt er að því að síðan verði komin á erlend mál vorið 2009. Lénid er www.nedsti.is



Á heimasíðunni eru upplýsingar um safnið, opnunartíma þess, saltfiskverkun, báta safnsins, athyglisverða staði í nágrenninu o. fl. og er það von safnsins að sem flestir rati inn á síðuna. Heimasíðan var jafnframt nýtt við skráningu á farskólann og fór öll skráning fram í gegnum hana.

Sýningar

Skíðasýning var sett upp í Sóltúnunum um páskana. Sýningin sem var uppi í skíðaskála var sett upp þar auk gamalla skíða og skíðabúnaðar. Á plakötunum er rakin saga skíðaiðkunar á Ísafirði, upphaf ísfirsku skíðavíðunnar, o.fl. Textinn á plakötum var

kominn til ára sinna og var því ákveðið að uppfæra hann og endurskoða, og naut safnið þar aðstoðar Heimis Hanssonar. Stóð sýningin yfir alla páskana og var fjöldi manns sem lagði leið sína í Sóltún til að berja hana augum.

Byggðasafnið tók einnig þátt í árlegri jólasýningu í Gamla sjúkrahúsinu, þar sem þemað var íslenskt alþýðuheimili á jólum á 3 og 4 áratugnum.

Saltfiskverkun

Safnið verkaði að venju saltfisk á reitum sínum eins og verið hefur. Þurrkað var í þremur hollum um 500 kg af blautum fiski í einu. Fyrstu tvö hollin komu frá Þórsbergi á Tálknafirði en það síðasta frá Gunnlaugi Finnbogasyni á Ísafirði. Mikil eftirspurn hefur verið eftir sólþurrkuðum saltfiski og selst alltaf töluvert í lausasölu í safninu, en mest af fiskinum er selt í Kolaportið í Reykjavík og yfirleitt eru birgðir safnsins uppnar um áramót. Verðið á fiskinum frá safni er um 1800 kr pr. kg í lausasölu, en ódýrara til stærri kaupenda.



Að venju var saltfiskveisla safnsins haldin í júlí, og tókst hún mjög vel. Um 120 manns mættu í veisluna sem nú var haldin var í Tjörúhúsinu, og að vanda var það saltfisksveit Villa Valla sem sá um fjörið, og fjölmargir gestakokkar sáu um að laða fram ýmsa framandi og ljúffenga rétti úr sólþurrkuðum saltfiski.

Bárðarslippur

Sædís var uppi í slippnum fram í júlí en þá var hún sett niður. Bilun kom upp í spilmótor, tannhjól losnaði, og voru menn frá Þrym fengnir til að lagfæra mótorinn.

Páll Helgi frá Bolungarvík var tekinn upp í byrjun ágúst, en hann stoppaði stutt við og var aðeins tvo daga uppi.

Eldsvoði var í húsnæði Sæfara í endaðan ágúst og varð mikið tjón á húsinu auk þess sem rafmagnstafla hússins brann. Slippurinn hafði fengið rafmagn úr þeirri töflu, og



varð því rafmagnslaus, og þurfti að neita einum bát um upptöku vegna þess.

Slippurinn er kominn til ára sinna, sleðinn síðan um 1920 og viðhalds er orðið þörf. Fara þarf yfir allan sleðann, hjól, smurnippla, búkkafestingar og fleira, auk þess sem lagfæra þarf teinana sem eru farnir að losna víða og sumsstaðar eru þeir orðnir verulega eyddir af ryði og tæringu.

Eins er spilhúsið sjálft orðið mjög illa farið, klæðning farin að losna, rúður brotnar, og fúi kominn í burðarvirki.

Styrkir til safnsins

Sótt var um styrk úr Mótvægisáðgerðasjóði til verkefna í kringum bátaviðgerðir safnsins. Þaðan fékkst 4 milljón króna styrkur, og verður hann greiddur út í tvennu lagi, 2 milljónir í ár og tvær milljónir þegar framvinduskýrslu hefur verið skilað. Ákveðið var að reyna að tengja þennan styrk við Gullkistuverkefnið, og var haldinn fundur með Þorgeiri Pálssyni, framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélagsins til að blása lífi í það verkefni.

Sótt var um styrki til Menningarráðs Vestfjarða, að vori var sótt um styrki annars vegar til að halda saltfiskveislu safnsins, og til að setja upp harmonikusýningu í Turnhúsinu. 100.000 kr fengust til harmonikusýningarinnar. Að hausti var sótt um annarsvegar til skráningar á munum safnsins, og hins vegar til útgáfu á uppskriftabók og geisladisk. 500.000 fengust til útgáfu á uppskriftabókinni.

Sótt var um styrki til Fjárlaganefndar Alþingis til nokkurra verkefna þ.e. áframhaldandi viðgerðar á Sæðisi, Jóhönnu, Tóta, og Maríu Júlíu. Auk þess lögð inn kynning á vélbátum Erni. Einnig sótt um styrk til áframhaldandi framkvæmda við nýbyggingu safnsins í Neðstakaupstað. Safnið gerir sér grein fyrir að eins og ástandið er í þjóðfélaginu í dag er ekki mikið svigrúm hjá ríkisvaldinu að veita fé í þessi og fleiri verkefni en samt var ákveðið að láta á það reyna og senda inn umsóknir til nefndarinnar.

Þessir styrkir frá fjárlaganefnd hafa verið forsenda fyrir því starfi sem unnið hefur verið í bátaviðgerðum safnsins, og ljóst er að án þeirra verður ekkert framkvæmt.

Farskóli FÍSOS

- Sagan, þjóðin og sjálfsmyndin -

20. Farskóli Félags Íslenskra safna og safnamanna var haldinn í Edinborgarhúsinu á Ísafirði dagana 17-19 september. Undirbúningur að skólanum hófst fljótlega eftir áramótin og var strax byrjað að svipast um eftir heppilegum fyrirlesurum. Ákveðið var að yfirskrift skólans yrði: **Sagan, þjóðin og sjálfsmyndin.**

Veðurguðirnir settu mikið strik í reikninginn, flug lá niðri vegna veðurs, og vegir rofnuðu vegna vatnavaxta. Um 100 manns höfðu skráð sig á skólann, en allmargir heltust úr lestinni og afboðuðu komu sína, og þegar upp var staðið voru það um 85 safnamenn sem sátu skólann. Margir þeirra misstu af dagskrá fyrri dags skólans, en þá var farið í skoðunarferð á Þingeyri, þar var skoðuð gamla smiðjan, og Þórir Örn Guðmundsson hélt stuttan fyrirlestur um Víkingaverkefnið. Að því loknu var farið á Núp og þar var drukkið kaffi. Síðan var haldið til Flateyrar, farið í brúðusafnið og í gömlu bókabúðina. Þaðan var haldið til Ísafjarðar og voru þáðar veitingar á Kúabúinu og svo var haldið í móttöku á vegum Ísafjarðarbæjar í Turnhúsinu.

Að morgni fimmtudags voru flestir þeirra sem ætluðu að sitja farskólann mættir, þar á meðal fyrirlesararnir sem allir komust vestur í tæka tíð til að flytja erindi sín. Þeir voru:

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, skipulagshagfræðingur.

Söguleg verðmæti eru líka efnahagsleg verðmæti.

Einar Kárason, rithöfundur.

Leikmannsþankar um gamalgróin byggðarlög

Helgi Bollason arkitekt.

Laugavegur, hvað viltu verða?

Magnús Skúlason, arkitekt
Bátar og strandminjar, hugleiðingar

Guðrún Helgadóttir, prófessor við Háskólann á Hólum.
Neyðarlegt hvað keisarin er ber - nú kæmi sér að kunna að spinna

Margrét Harðardóttir, arkitekt.
Stefnuleysi í húsverndunarmálum

Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður.
Vangaveltur um báta- og vélasafn Þjóðminjasafns, framtíðarsýn

Guðný Gerður Gunnarsdóttir, borgarminjavörður.
Sagan - borgin - sjálfsmyndin. Minni og óminni.

Halldór Halldórsson, bæjarstj. og form. Sambands íslenskra Sveitarfélaga
Hallir eru vaxnar upp úr kofum.

Egill Helgason sjónvarpsmaðurinn góðkunni tók að sér að stýra fundi og pallborði að loknum fyrirlestrum, og fóru fram líflegar umræður um efni þeirra.

Um kvöldið var árshátíð FÍSOS haldin í Edinborgarhúsinu, og voru það hjónin Magnús Hauksson og Ragnheiður Halldórsdóttir, vertar í Tjörúhúsinu sem tóku að sér að sjá um matinn, með starfsfólki sínu, og var engin svikinn af þeirri matargerð. Öskurbuskurnar sem er söngduett skipaður Dagnýju Hermannsdóttur, Helgu Margréti Marzellíusardóttur og Svanhildi Garðarsdóttur, sungu nokkur lög undir borðhaldi við undirleik Halldórs Smárasonar, sem einnig spilaði undir borðum.

Að loknu formlegu borðhaldi sá hljómsveitin Safngripirnir um að leika fyrir dansi þar til yfir lauk.

Að morgni síðasta skóladags voru á dagsrá tvær kynningar. Það voru þau Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir í forföllum Rakelar Halldórsdóttur sem kynnti meistaranám í sagnfræði við Háskóla Íslands, og Eiríkur Þorláksson sérfræðingur á skrifstofu menningarmála í Menntamálaráðuneytinu sem kynnti frumvörp til nýrra laga á sviði menningararfs og safnamála.

Að loknum þessum kynningum var haldið til Bolungarvíkur, farið í verbúðina í Ósvör undir leiðsögn Finnboga Bernódussonar, og síðan var farið í hádegisverð í boði Bolungarvíkurkaupstaðar í Einarshúsi, og þar var skólanum formlega slitið.

Það var mál manna að þessi skóli hefði tekist mjög vel þrátt fyrir erfiðleika í byrjun. Héldu svo farskólanemar hver til síns heima og var það mál manna að þessi farskóli hefði tekist mjög vel.

.Bátar safnsins

Gestur



Gestur var sjósettur í byrjaðan júní eftir botnmálun og skoðun. Gera þurfti við lítilsháttar skemmdir eftir að siglt var á bátinn í fyrra, rétta þurfti af vélarhús og sponsa í lista.

Illa gekk að fá leyfi til farþegasiglinga á Pollinum sökum þess að Sæfari sem hefur verið bakhjarl safnsins í landi varðandi öryggismál, hefur ekki tilskilin leyfi og tryggingar. Samt gekk það í gegn um miðjan júlí með því skilyrði að þessu yrði komið í ásættanlegt horf fyrir næsta sumar.

Jóhanna.



Magnús Alfreðsson hefur tekið að sér að endursmíða Jóhönnu Ís 159. Búið er að leggja kjöl og stefni að bátnum, en ekki hefur unnist tími til að vinna frekar í honum. Hann stefnir að því að halda áfram með smíðina nú eftir áramótin.

María Júlía



Viðgerðir á Maríu Júlíu hafa legið niðri undanfarið ár, að mestu sökum fjárskorts. Már Óskarsson hefur eftirlit með henni í höfninni, sér um að lensa og fylgjast með hitablásurum um borð. Einnig gangsetur hann vélar reglulega.

Sædís



Sædís var sjósett í júlí eftir að hafa verið á þurru í tæpt á í Bárðarslipp. Ekki gekk í þessari atrennu að setja vél niður í hana, þar sem enn vantar mikilvæga varahluti í Munktell vélina. Sett var stefnirör og skrúfa, gegnumtök endurnýjuð, og stýrisblaðka sett. Lokið er við að klæða lest innanverða og setja undirstöður fyrir vél.

Ákveðið var að reyna að finna yngri vél sem hægt væri að nota til bráðabirgða þar til varahlutir finnast í Munktellvélina, og er stefnt að því að Sædís sigli á sjómannadagin 2009.

Bátasafnauki

Gráslepputrillan Jörundur



Í janúar fékk safnið gráslepputrillu sem smíðuð var á Hellu á Selströnd í Steingrímsfirði. Smiðurinn var Jörundur Gestsson bóndi á Hellu og smíðaði hann bátinn um 1960. Gefandi trillunnar er Kristján Magnússon í Reykjavík.

Trillan var gerð út til grásleppuveiða á Ströndum og síðan úr Reykjavík. Trillan er um 6 metra löng og tveggja metra breið með gafli. (8 umför). Vél er í trillunni, 1 cylinders dieselvél en hún er ónýtt orðin. Búið er að setja tappa í stefnirörið og skrúfuna vantar. Stýrisblað úr járn er á trillunni en stýrissveifina vantar. 2 þóftur eru í bátinum og eitt þverband í miðjum bátinum. Báturinn er allur bentur með svigaböndum ca:20 mm. Fékkst húspláss fyrir hann til bráðabirgða í mjölgeymslu HG í Hnífsdal.

Báturinn er all illa farinn og þarfnast töluverðrar viðgerðar.

Væntanlegir bátar

Gamli Gunnar Sigurðsson ÍS



Erling Brim Ingimundarson hafði samband við safnið og bauð því gamla Gunnar Sigurðsson, sem er Bátalónsbátur sem lengi var á Ísafirði og var haldið til rækjuveiða í Djúpinu. Hann var þá í eigu Rafns Oddsonar skipstjóra. Báturinn er sjófær og í góðu ásigkomulagi, og er hann nú staðsettur á

Drangsnesi. Ekki hefur verið gengið nánar frá þessu.

Eljan frá Nesi



Guðjón Brjánsson hafði samband við safnið og athugaði hvort það væri tilbúið að taka við bátinum Eljunni frá Nesi, sem smíðuð er af bræðrunum frá Nesi í Grunnavíkurbreppi.

Í bígerð er að gera samkomulag við eigendur tveggja fyrrgreindra báta um gagnkvæma ábyrgð, þannig að safnið og gefandi deili með sér eftirliti og viðhaldi bátanna. Þannig gætu fyrrverandi eigendur haft rétt til að nýta sér bátana á vissum tímum, svo fremi að það rekist ekki á við ráðstöfun safnsins hverju sinni. Þannig mætti tryggja að bátunum væri haldið í reglulegri notkun, og fyrrverandi eigendur myndu jafnvel útvega mannskap til að mála og ýmislegra þessháttar viðvika.

Ákveðið hefur verið að fá Björn Jóhannsson lögfræðing til að gera grunn að samningi þessa efnis sem Byggðasafn Vestfjarða og gefendur báta yrðu aðilar að.

